



## 570. fundur stjórnar SASS

**haldinn í Tryggvaskála**

**4. júní 2021, kl. 12:00 – 15:00**

Pátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Helgi Kjartansson, Lilja Einarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Einar Freyr Elínarson, Ari Björn Thorarensen og Grétar Ingi Erlendsson. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir tengist fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað. Frá Sveitarfélaginu Árborg koma Tómas Ellert Tómasson, Brynhildur Jónsdóttir, Helgi S. Haraldsson og Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri. Þá tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna í Tryggvaskála á Selfossi. Helgi S. Haraldsson forseti bæjarstjórnar og Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri taka undir orð formannsins og fagna því að stjórnarfundurinn sé haldinn í Sveitarfélaginu Árborg. Gísli Halldór kynnir íbúðapróun og helstu málefni sveitarfélagsins sem eru m.a. áskoranir sem tengjast mikilli fjölgun bæjarbúa og uppbyggingu á innviðum þeim tengdum s.s. skipulag og uppbygging íbúðahverfa, gatnagerð, bygging á leik- og grunnskólum og íþróttaaðstöðu. Hann kynnir einnig verkefni tengd stafrænni þróun og útgáfu sjáfbærra skuldabréfa. Fundarmenn skiptast á skoðunum um málefni sveitarfélagsins og þess sem efst er á baugi hjá samtökunum.

Í framhaldi af hefðbundnum stjórnarfundum kynnir Leó Árnason, stjórnarformaður Sigtúns þróunarfélags, nýja miðbæjarverkefnið á Selfossi. Farið verður í kynnisferð um miðbæinn undir leiðsögn Leós.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 569. fundar staðfest og undirrituð. Eldri fundargerðir eru einnig undirritaðar.

### 2. Ársreikningur SASS 2020

Ársreikningur SASS fyrir árið 2020 var frágenginn með formlegum hætti 26. maí sl. og var hann undirritaður með rafrænum hætti.

### 3. Áfangastaðastofa

Formaður kynnir uppfærð drög að þjónustusamningi við Markaðsstofu Suðurlands (MSS) um að sinna rekstri Áfangastaðastofu fyrir Suðurland.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við MSS á grunni fyrirbyggjandi draga. Endanlegur samningur verður sendur á aðildarsveitarfélögin til kynningar auk þess sem það verður tekið fyrir á ársþingi samtakanna í haust.



#### 4. Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður kynnir minnisblað sem sent var á stjórn fyrir fundinn en þar kemur m.a. fram að í Sóknaráætlun er óúhlutað um 15 m.kr. Eftir umræður er niðurstaða stjórnar sú að að verja 7 m.kr. í nýtt áhersluverkefni sem er uppbygging á þekkingarsetri um úrgangsmál að Laugavatni og eftirstöðvum að fjárhæð 8 m.kr. verði varið til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands í haust.

#### 5. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 26. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 66. fundar stjórnar SSNV, fundargerðir 118. – 119. funda stjórnar Austurbrúar, fundargerð 898. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 71. stýrihóps stjórnarráðsins.

- b. Rekstur hjúkrunarheimila

Um leið og stjórn SASS fagnar ákvörðun ríkisins um að auka fjárframlög til reksturs hjúkrunarheimila áréttar hún fyrri bókun um að finna þurfi lausn á rekstrarvanda hjúkrunarheimila til framtíðar.

- c. Sumarstarf

Framkvæmdastjóri kynnir að Jökull Hermannsson hafi verið ráðinn í sumstarf hjá samtökunum en starfið er í samræmi við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn. Verkefni hans snýr að átaksverkefni á kortlagningu atvinnulífs á Suðurlandi. Um er að ræða vinnu við verkefnið Invest South sem er upplýsingavefur fyrir fjárfesta á Suðurlandi. Vefsvæðið er í vinnslu. Vinnan felst í greiningu, samantekt og framsetningu á texta, gögnum og myndum sem tengjast verkefninu. Starfið verður unnið undir handleiðslu sérfræðinga sem munu veita góðan stuðning og leiðsögn á meðan á verkefnatímanum stendur.

Stjórn býður Jökul velkominn til starfa.

- d. Fasteignaskattar

Lagt fram til kynningar bréf frá stjórn Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022.

- e. Lóan úthlutun

Lóa - nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina - úthlutaði nýlega styrkjum. Fimm verkefni sem fengu styrk tengjast Suðurlandi en þau eru:

Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Vettvangur sjávarlíftækni á Íslandi
Ölfus cluster	Uppbygging, þekkingarseturs
SASS	Landsbyggðin.is kallar
Háskólafélag Suðurlands	Frumkvöðlasetur HfSu og Atorku
Blámi, Eimur og Orkedía	Nýsköpunargarður: Stafrænn vettvangur fyrir nýsköpun í sjálfbærni- og orkumálum



Stjórn fagnar fjölbreytileika umsókna og óskar fyrrgreindum stofnunum til hamingju með styrkinn. Stjórn áréttar mikilvægi sjóðsins en framlög úr sjóðnum munu efla nýsköpun og atvinnulíf, veita innblástur og fá aðila til að blómstra heima í héraði.

f. Skýrsla framkvæmdastjóra

Formaður leggur til við stjórn að nýjum lið verði bætt við á dagskrá funda stjórnar sem er skýrsla framkvæmdastjóra. Stjórn er samþykkt því að gera breytingu á þegar boðaðri dagskrá og að framvegis verði þetta dagskrárliður á fundum. Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni á liðnum mánuði.

g. Kynnisferð til Danmerkur

Formaður kynnir niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þeirra sem eru á leið í kynnisferð sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi til Danmerkur. Niðurstaðan er að reyna að fara í ferðina frá mánudeginum 15. til fimmtudagsins 18. nóvember n.k.

h. Heimavist við FSu

Stjórn SASS fagnar því að samningar hafi tekist um áframhaldandi rekstur heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands. Stjórn óskar skóla og rekstraraðila velfarnaðar við að halda utan um rekstur heimavistarinnar og þeim nemendum velgengni í námi sem þar munu búa.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 13. ágúst n.k. Staðsetning ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 14:55.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir  
Helgi Kjartansson  
Lilja Einarsdóttir  
Einar Freyr Elínarson  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Ari Björn Thorarensen  
Grétar Ingi Erlendsson